

# ***Lestrarstefna Krikaskóla***

***2015-2020***

***Með bók í hönd og bros á vör***



**Krikaskóli**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Kennsluaðferðin Leikskólalæsi/ Byrjendalæsi .....	4
Hvað er læsi? .....	5
Málörvun .....	5
Skimunarpróf.....	7
Skimunarpróf:.....	9
Lestrarviðmið.....	12
Lestraráttak.....	12
Samvinna heimilis og skóla er varðar lestrarþjálfun .....	13
Hvernig birtist Læsi í Krikaskóla.....	14

## Inngangur

Mótun heildstæðrar lestrarstefnu og innleiðingu nýrra kennsluaðferða í lestri er langtímaverkefni sem kallar á öflugt utanumhald og jákvætt viðhorf til læsis. Fyrstu skrefin við innleiðinguna hafa gengið vel og mótast af þeirri trú að lestur sé lykill að góðum árangri í námi og hafi afgerandi áhrif á námsvilja nemenda. Nálgun við læsiskennsluna er heildstæð, samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Í öllum árgöngum á að leggja áherslu á markvissa kennslu í lestri, mál- og lesskilningi og tjáningu auk stöðugar þjálfunar þessara þátta í daglegur starfi skólans. Áherslur og aðferðir í kennslunni breytast eðlilega með aukinni færni nemenda. Mikilvægt er að stefnan sé lifandi plagg í stöðugri þróun, gert sé reglulegt endurmat á stefnunni til að tryggja árangur og að metnaður haldist.

### Framtíðarmarkmið í Krikaskóla til 2020

- Auka og efla lestrargetu 5 ára barna
- Efla áhuga barna á bókmenntum
- Efla lesskilning og auka orðaforða barna
- Auka samþættingu námsgreina
- Setja markmið á /Hljóm-2 / Leið til læsis /Orðarún-skimunum
- Setja okkur mælanlegt markmið á samræmdum prófum í 4. bekk.
- LOGOS-skima 3. bekk. 1, 4 og 5 þáttur sé prófaður. Ef barn er undir 30 í tveim þáttum þá er prófið lagt fyrir í heild sinni.

### Yfirmarkmið okkar er að

- Börn verði læs í víðum skilningu þess orðs og njóti lestrar bæði til gagns og gamans.
- Börn verði læs á umhverfi sitt og sjálfan sig.
- Allir starfsmenn í Krikaskóla beri ábyrgð á læsisnámi barnanna.
- Sérstök áhersla sé lögð á snemmtæka íhlutun lestrar- og málörvunar.

**Meginmarkmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi og auki orðaforða sinn sem fyrst á skólagöngu sinni.**

## **Kennsluaðferðin Leikskólalæsi/ Byrjendalæsi**

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í lestri og notuð í Krikaskóla. Jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Stór þáttur í aðferðinni er að læra að hlusta og taka eftir, læra ný orð, muna söguþráð og segja frá. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild og tengjast sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift inn í ferlið.

Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur meðal annars út á að börn læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum og viðfangsefnum barnanna. Vinnubrögð eru fjölbreytt og kalla á samvinnu barna. Þjálfun þeirra fer að talsverðu leyti fram í gegnum leik að ýmsu tagi. Byrjendalæsi fellur vel að einstaklingsmiðuðu námi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið. Allir fá sama grunn en einstaklingsþörfum er mætt innan barnahópsins.

### **Grunnstoðir Byrjendalæsis**

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Náms er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – notaðar fjölbreyttar bækur með skemmtilegum texta
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Náms án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning.

Í Krikaskóla höfum við leitast við að byggja ofan á þá þekkingu sem barnið öðlast í gegnum skólafárið. Í skólanum er lögð áhersla á að gera lestur sem sýnilegastan og verkefni sem tengd eru læsi prýða veggj skólans til að beina sjónum nemenda að læsi. Einnig er lögð mikil áhersla á samvinnu um lestur við heimili barna þar sem lestrarþjálfun fer fram í formi daglegs heimalestrar hjá nemendum í 1.-4. bekk. Þá er lögð áhersla á yndislestur með öllum aldurshópum skólans og kennarar hvattir til að lesa daglega fyrir börnin.

Fylgst er grannt með framvindu málþroska/lestrarnáms allra barna á öllum stigum og er markmiðið að hjálpa hverjum og einum til að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum hverju sinni.

## **Hvað er læsi?**

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011:16-17) er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Markmið okkar er að barn verði læst á sjálfan sig, sínar þarfir og umhverfi sitt. Nám er ekki bundið við tiltekna staði, börn eru að læra í öllum aðstæðum. Raunveruleg verkefni í ólíkum aðstæðum skapa hvetjandi læsisumhverfi. Börnin eru þátttakendur í sýningum, vorhátíð, heimsækja bókasafn og hjálpa til með yngri börnin. Fara í heimsóknir í nærsamfélaginu, læra að klæða sig og vera læs á veður og aðstæður. Börnin verða læs á daglegar þarfir sínar – salernisferðir, næringarþörf og eflast miðað við aldur og þroska í að verða læs á samskipti sín og annarra.

Samvinna milli skólastiga í leik- og grunnskóla er mikil, milli aldurshópa og meðal starfsmanna. Við leggjum áherslu á læsi fyrir lífið sjálft frekar en að einblína á að lesa texta á blaði.

## **Málörvun**

Málörvun felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik, sem miða að því að tengja talmál og ritmál og að því að undirbúa tengsl milli stafs og hljóðs. Með því er lagður traustur grunnur að lestrarnámi.

### **Markmið:**

- Að barnið fái tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir.
- Að varðveita menningararf íslenskrar tungu, með því að tengja saman fortíð og nútíð með móðurmálinu.
- Að efla málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barna.
- Að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám.
- Að allir starfsmenn sameinist um að hafa fyrir börnunum rétt og fallegt íslenskt mál.

### **Leiðir:**

- Íslenska og málörvun sé rauður þráður í öllu starfi skólans. Að auki fari fram markviss málörvun í hópastarfi og samverustundum sem og daglegu starfi.

- Að bjóða upp á námshvetjandi/ ritmálsörvandi umhverfi með því að hafa ritmálið sem sýnilegast.

**Efniviður og viðfangsefni:**

- Hlustun og samtöl.
- Lestur og ritun.
- Þulur og rím.

**Söngur og leikræn tjáning.**

- Sögu- og ljóðagerð.
- Spil og leikir sem efla málvitund, orðaforða og hugtakaskilning.
- Tölvuleikir og kennsluforrit.
- Ýmis kennslugögn.

## Skimunarpróf

### 2ja ára börnin:

TRAS

### 3ja ára börnin:

TRAS

EFI-2

### 4ra ára börnin:

TRAS

### 5 ára börnin:

TRAS

Hljóm-2

Stafakönnun sem er lögð fyrir í maí- skil til skólaskrifstofu.

### 6 ára börnin:

Stafa- og hljóðakönnun sem er lögð fyrir í ágúst

Leið til læsis- lesskimun er lögð fyrir skv. áætlun.

( LÆSI- lesskimun sem er lögð fyrir í nóvember, febrúar og apríl ár hvert).

Tímasetningar	Matspáttur	Matstæki	
Ágúst	Stafa og hljóðakönnun		
Janúar	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis A-1	
Janúar	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis A-1	
Mars	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis A-1	
Maí	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis A-2	Skil til skólaskrifstofu
Maí	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis A-2	

### 7 ára börnin:

(LÆSI/ Lesmál - lesskimun sem er lögð fyrir í nóvember, febrúar og apríl ár hvert).

Tímasetningar	Matspáttur	Matstæki
Ágúst	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis A-2
Nóvember	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis B-1
Janúar	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis B-1
Janúar	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis B-1
Mars	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis B-2

Maí	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis B-2
Maí	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis B-2

### 8 ára börnin:

Orðarún- lesskilningspróf.

(LOGOS-skimun verði lögð fyrir í október og nóvember ár hvert).

Tímasetningar	Matspáttur	Matstæki	
Ágúst	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis B-2	
Nóvember	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis C-1	
Janúar	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis C-1	
Janúar	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis C-1	
Mars	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis C-2	
Maí	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis C-2	Skil til skólaskrifstofu
Maí	Sjónrænn orðaforði	Leið til læsis C-2	

### 9 ára börnin:

Orðarún- lesskilningspróf.

Samræmt könnunarpróf í íslensku og stærðfræði- september- skila niðurstöðum til skólaskrifstofu.

Tímasetningar	Matspáttur	Matstæki
Ágúst	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis C-2
Nóvember	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis D-1
Janúar	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis D-1
Mars	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis D-2
Maí	Lesfimi/hraðapróf	Leið til læsis D-2

Ábyrgðaraðilar um framkvæmd eru deildastjórar og umsjónakennara hvers árgangs/hreiðurs. Í lok skólaárs hjá 5 ára börnunum verði tekin stafakönnun sem er skilað til umsjónakennara 6-7 ára barnanna. Í upphafi skólaárs hjá 6-9 ára börnum eru tekin lesfimi/hraðapróf til að kanna stöðu þeirra. Í október, janúar og apríl er sett fram lestraátak í samvinnu heimilis og umsjónakennara. Eftirfylgnin er endurtekin raddlestrapróf og ef einhver annar grunur vaknar varðandi sértæka lestrarerfiðleika þá er staðan metin út frá þeim gögnum sem til eru er varðar lesfimi og lesskilning og ákvörðun tekin um áframhaldandi greiningu með LOGOS. Forsenda þess að námsaðstoð sé markviss og skili árangri er að til séu greiningar á vanda nemenda og



að gerð sé einstaklingsáætlun sem tryggir að unnir sé að sömu markmiðum í námi viðkomandi nemanda og námsgögn/bækur séu samræmd.

Niðurstaða greininga, skimana í lestri og stærðfræði auk námsmats er höfð til hliðsjónar þegar metið er hvers konar einstaklingsmiðun í námi og stuðning barnið þurfi.

Gerð einstaklingsáætlana er á ábyrgð umsjónarkennara. Þeir eiga að leggja drögin fyrir en þær fullvinnast í samráði við foreldra, sérkennara og kennara.

## **Skimunarpróf:**

**TRAS** - (n: Tidlig registrering af språkuvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

**Efi-2** - er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu þriggja ára barna. Notagildi EFI-2 málþroskaskimunarinnar felst fyrst og fremst í því: Að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik. Enn fremur að vísa börnum sem þurfa nánari athugun og viðeigandi úrræði. Einnig að gefa foreldrum hugmynd um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra og veita þeim og öðrum fullorðnum í umhverfi barnsins ráðgjöf og leiðbeiningar.

**Hljóm-2** - Þetta er aldursbundin skimun, sett fram í leikjaformi orða og hljóða, sem kannar færni barnanna tengda hljóðkerfis- og málmeðvitund. Þar sem Hljóm-2 getur gefið góða vísbendingu um þá einstaklinga sem eru í áhættu fyrir lestrarörðugleika síðar meir er markmið okkar að ná til þeirra einstaklinga og vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum.

**Leið til læsis**- er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Stuðningskerfið Leið til læsis er unnið af nokkrum sérfræðingum á sviði

læsis með fulltingi próffræðinga. Ólíkt öðrum lesskimunarprófum í lestri sem völ er á hér á landi lúta niðurstöður prófsins að þremur aðskildum færniþáttum sem leggja grunn að lestrarnáminu, en það eru:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

**Orðarún** er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Það er gefið. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi.

Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

**Logos** er tölvutækt greiningarpróf til að greina lestrarörðugleika. Fyrsti hluti prófsins er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk, en hægt er að nota ákveðna prófhluta fyrir nemendur í 2. bekk í þeim tilgangi að greina lestrarerfiðleika barna eins fljótt og unnt er. Sá hluti er í 17 prófþáttum og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og kennslufræðileg úrræði hvað varðar lestrarnám barna.

Annar hluti prófsins er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk og fullorðnum. Sá hluti er í 14 prófþáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra lestrartengda færni. Flestir prófpættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýttis. Prófin eru stöðluð út frá aldurssvarandi viðmiðun.

**Greinandi mat** er leið til að ákvarða styrkleika og veikleika nemanda í þeim tilgangi að greina ástæður erfiðleika hjá nemanda eða geta betur lagað nám og kennslu að sérkennum hans. Skólinn nýtir sér þau greinandi tæki sem hann hefur aðgang að til að kanna tiltekna þætti

námsins og þroska nemenda s.s. lesskimunarpróf og stöðluð lestrar- og stærðfræðipróf. Niðurstöður greinandi prófa nýtast fyrst og fremst kennurum til að skipuleggja nám og kennslu einstakra nemenda en foreldrum er gert aðvart ef frávík nemenda eru umfram það sem eðlilegt má teljast, þannig að æskilegt sé að grípa til sérstakra úrræða.

## Lestrarviðmið

Samkvæmt lestrarviðmiði er gert ráð fyrir að barn getið lesið og náð loka atkvæða viðmiðum við lok viðeigandi bekkjar að vori.

Þetta er okkar sameiginlega markmið – að þjálfna nógu mikið og vel til að okkur takist að ná þessu markmiði. Verðum þó að hafa í huga að forsendur barna eru mismunandi með tillit til málþroska, málskilnings og hljóðkerfisvitundar og almennrar stöðu í þroska en á meðan að barnið er í framför og lestrarþjálfun er sinnt af samvirkusemi erum við á réttri leið. Það er einnig mjög mikilvægt að halda viðhorfi barnsins til lestrar eins jákvæðu og hægt er og láta það aldrei hafa það á tilfinningunni að það standi sig ekki nógu vel.

Viðmið Krikaskóla eru:

1. árgangur 10 – 60 atkvæði á mínútu
2. árgangur 60 – 140 atkvæði á mínútu
3. árgangur 140 - 170 atkvæði á mínútu
4. árgangur 200 – 250 atkvæði á mínútu

## Lestraráttak

Markmið 4 vikna lestraáttaks í 1-4. bekk.

Samstarfið á milli heimilis og skóla er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að barnið lesi reglulega upphátt til að ná tókum á lestrinum. Mikilvægi heimilisins þar sem foreldrar geta sinnt börnum sínum einstaklingslega er því gríðarlegt til að tilætlaður árangur náist. Börnin þurfa að lesa daglega til að árangur festist í sessi, skólinn vinnur í tæknilegu þáttunum og þjálfun sem foreldrar styrkja síðan með heimalestri. Eins er mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir börn sem byrjuð eru í lestrarnámi en það viðheldur og eykur áhuga þeirra á bóklestri.

Þeir nemendur sem eru undir neðri mörkum viðmiða í lesfimi /hraðlestrarprófi þarfnast aukins lestraráttaks til að ná meiri lesfimi ( hraða og lesskilnings). Sérstaklega mikilvægt er því að ná góðu samstarfi milli heimils og skóla.

Það mat sem liggur að baki frammistöðu í lestri er einkunn á stöðluðu lesfimi /hraðlestrarprófi.

## Samvinna heimilis og skóla er varðar lestrarþjálfun

Heimili og skóli eru í raun samstarfsaðilar er kemur að lestrarþjálfun barna. Ef það er til staðar þá eru auknar líkur á að árangur verði betri, ef þeir koma saman að þjálfuninni, m.a. ræði saman, finni lausnir og leiðir sem henta hverju og einu barni.

Hlutverk heimilis og foreldra er :

- Dagleg hlustun er nauðsynleg svo hægt sé að fylgjast með framvindu námsins. Gerið ráð fyrir dagamun – börnin geta verið misupplögð til að lesa og gengið betur suma daga en aðra.
- Hvetjið barnið til að segja frá og ræða efni textans. Þetta gefur foreldrum góða innsýn inn í lesskilning barnsins og svo er einnig hægt að tengja efni textans við reynslu þess, setja sig í fótspor sögupersónu og ímynda sér hvað maður myndi sjálfur gera í sömu stöðu.
- Þreytt barn á erfitt með að einbeita sér og þreytan getur haft áhrif á frammistöðu og nám (barnið man síður hvað það las og umskráningin verður erfiðari).
- Skapa læsishvetjandi umhverfi, næði, gott ljós, góð staða, mátulega hlýtt og ferskt loft.
- Veittu barninu fulla athygli – ekki gera annað á meðan. Ekki nálgast lestrarþjálfunina með flýtiafgreiðslu. Hlustaðu, ekki leiðrétta röng lesin orð eftir að barnið hefur lesið það heldur hjálpaðu til með því að lesa fyrir barnið orðið sem það á í vandræðum með. Það getur verið gott að lesa allan textann fyrst fyrir barnið og útskýra orð/hugtök sem barnið skilur ekki.

Markviss dagleg þjálfun er það sem skiptir höfuð máli í lestrarþjálfun.

## Hvernig birtist Læsi í Krikaskóla

- Lestur, lesa fyrir börn, leika við börn
- Börn lesa fyrir börn
- Byrjendalæsi
- Orða hluti og athafnir
- Málörvun
- Söngtextar
- Tákn með tali
- Íslenskukennsla
- Sýna tillitsemi úti og inni
- Útikennsla
- Hlustun
- Myndbönd
- Hlusta á sögur
- Semja sögur og ljóð
- Setja upp leikrit
- Koma fram í söngstund
- Koma fram fyrir samnemendur/foreldra
- Tónlist
- Upplýsingatækni
- Þrautalausnir í stærðfræði
- Frásagnir/kynningar í stærðfræði
- Lestur bóka og sögur sagðar
- Ritun
- Hlustun og frásögn
- Vettvangsferðir
- Þemavinnu
- Læra á okkar umhverfi
- Lesa í veðrir og finna út hvernig á að klæða sig
- Umræður og vinna í tengslum við árstíðarskipti.
- Þátttaka 4. bekkjar ár hvert í „Litlu-upplestrarkeppninni“